

leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og verða hiaum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi og hins skipaða talsmanns kirkjunnar í hjeraði hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 31/1896.

Jón Jónsson
gegn

B. H. Bjarnason.

Dómur:

Áfrýjandinn, kaupmaður Jón Jónsson í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni Brynjólfi H. Bjarnason samastaðar, út af verzlunarskuld, að upphæð 8 kr., og var málið dæmt í bæjarþingsrjettinum 9. júlím. þ. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur Jón kaupmaður Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. ágústm. þ. á., og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, og málinu heimvísað, þannig, að það verði sett í það ástand, sem það var í, þegar áfrýjandinn 4. júní þ. á. bað um vikufrest í því til að leiða vitni fram, og að honum verði

veittur hinn umbeðni vitnaleiðslufrestur, en til vara krefst áfrýjandi þess, að dóminum verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrettari verði teknar til greina, og, hvernig sem fer, krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða nægilegan málskostnað eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur eigi mætt sjálfur nje látið mæta fyrir yfirdóminum við fyrirtekt málsins, þótt hann sje löglega stefndur, og verður því að dæma það eptir hinum framlögðu gögnum og skilríkjum samkvæmt N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796 § 2.

Skuldamál þetta er risið út af verði fyrir karlmannsskó, sem áfrýjandi segir að stefndi hafi fengið að láni í verzlun sinni í nóvembermán. 1889 og hafi átt að kosta 8 kr., en þetta andvirði skónna hafi stefndi eigi enn borgað. Stefndi hefur fyrir undirrettinum neitað því, að hann nokkru sinni hafi fengið neina skó hjá áfrýjanda, að skuldin hafi nokkru sinni til verið og að hann nokkru sinni hafi staðið í skuldaskiptum við áfrýjanda. Gegn þessari neitun stefnda framlagði áfrýjandi á bæjarþinginu 4. júní þ. á. skriflegt vottorð frá manni einum þess efnis, að þegar þessi maður eptir beiðni áfrýjanda hafi átt að innheimta verzlunarskuldir hans og hann samkvæmt því hafi krafist stefnda um áminnzta 8 kr. skóskuld, hafi stefndi fúslega kannazt við að hann hafi fengið skóna, en þótt vera búinn að borga þá. Stefndi mótmælti þá þegar vottorði þessu algjörlega, og bað áfrýjandi þá um 8 daga frest til að leiða vottorðsgefandann sem vitni, en rjetturinn synjaði um

frestinn, með því að áfrýjandi hefði haft nægan tíma til að leiða áminnzt vitni, enda hafði þá áfrýjandi haft 14 daga frest til vitnaleiðslu, en eigi notað hann til annars en að útvega sjer nefnt utanrjettarvottorð; var málið síðan tekið upp til dóms, eins og það þá lá fyrir, ogeptir það dæmt á þá leið, sem áður er frá skýrt.

Eptir því, hvernig stefnan til yfirdómsins í þessu máli er orðuð, kemur ekki til álita, hvort úrskurður sá, er neitaði áfrýjanda um frekari frest til vitnaleiðslu, er á rökum byggður, og verður því eigi tekin til greina aðalkrafa áfrýjanda um ómerking og heimvisun málsins. Og að því varakröfuna áhrærir, þá hefur áfrýjandinn eigi fært fram annað til sönnunar skuld þeirri, er hann telur til hjá stefnda, en utanrjettarvottorð það, er fyr er á minnzt, en gegn neitun stefnda á skuldinni verður eigi á vottorði þessu byggður skuldaómur. Um málskostnað fyrir yfirdómi verður eigi að ræða, þar sem stefndi hefur eigi mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.